



# Safnaðarblað Gleráarkirkju

2. tbl. 31. árg.

Desember 2016

„Hið sanna ljós, sem upplýsir hvern mann, kom nú í heiminn.“ (Jóh. 1:9)



## Velkominn vertu, – vetrarperlan fríð

Aðventutíðin er komin og framundan eru blessuð jólin. Marglit ljósadýrd kviknar um allan bæinn og við finnum gleði og eftirvæntingu í loftinu.

Nýverið var ég í hópi barna og ungmenna og við ræddum þetta allt. Ræddum um hvað það væri sem gerði jólahátíðina svona yndislega. Margar spurningar vöknudu. Eru það gjafirnar eða er það góður matur, veislur og vinafundir, sem því öllu fylgja. Skraut, söngur og litadýrd? Og svörin voru á einn veg, jú vissulega getur þetta allt verið gleðiefni. En eitthvað meira þarf til en dót og glaðningur sem kaupa má fyrir peninga. Er hægt að hafa gleði af jólnum ef mamma er ekki glöð og pabba líður illa? Svörin öll voru á einn veg að þá væri ekki gaman. Vissulega er gott að mamma og pabbi þurfa um stund ekki að fara í vinnu og krakkarnir fá frí í skólum og fjölskyldurnar hafi nú rými og tíma til gæðastunda saman.

En unga fólkið allt var sammála og fljótt að skilja að á bak við allar jólasögurnar og öll jólalög, sálma og söngva, er saga sem við eigum öll sameiginlega. Saga sem snertir þá lífssýn að heimurinn og tilveran eru ekki tilgangslaus. Skapari heimanna og lífsins vitjar okkar í barninu sem forðum var lagt í jötu austur í Betlehem og hann vill vitja okkar allra, hvers og eins. Að ljós hans og líf fái bústað í hverju hjarta og að í því ljósi er líf, blessun og elska sem segir okkur hver við erum. Að við erum sköpuð í Guðs mynd til að eiga samfélag við hann og vera hvert öðru kærleikur og blessun.

Jólaguðspjallið á að kenna okkur að við erum frá þessu Guðsljósi komin og til þess sama ljóss hverfum við aftur um síðir þegar okkar stund kemur. Þessi boðskapur um Guðs elsku til mannanna gefur öllum kraft og huggun í lífsins glímu sem við því vilja taka. Guðsbarnið sem í jötu var lagður lágt opnar okkur faðminn eins og öll Guðsbörn gera þegar elska og velvild mætir þeim. Kristur Jesús lýkur upp hjörtum okkar fyrir hinu góða og færir okkur margvíslegar gjafir og margvíslega blessun. Hann færir okkur sigurinn yfir illskunni og öllu myrkri. Og því getum við tekið undir með sálmaskáldinu, lofað Guð og sagt.

*Velkomin vertu,  
vetrarperlan fríð,  
síblessuð sértu,  
signuð jólatíð,  
Guðs frá gæsku hendi  
gulli dýrra hnoss.  
Þökk sé þeim, er sendi  
þig, svo gleðjir oss.  
Þú oss fríðar boðskap ber,  
birtir gríð og náð oss tér,  
læknar sviða, sárt er sker,  
súta léttir kross.*

Guð gefi þér og fjölskyldu þinni gleðileg og blessunarrík jól.

**Gunnlaugur Garðarsson**  
sóknarprestur



## Aðventukveðja frá sóknarnefnd

Það að búa á Íslandi og nýta þau fjölmörgu tækifæri sem landið hefur upp á að bjóða er sannarlega áskorun fyrir okkur öll sem þjóð. Það er svo margt sem sameinar okkur þegar við stöndum frammi fyrir krefjandi verkefnum. Það er mikilvægt fyrir okkar samfélag að hlusta eftir þeim röddum sem tala fyrir jákvæðum gildum til samvinnu og sameiningar þjóðarinnar.

Nú á dögum bærust fréttir af manni sem gengið hafði til rjúpna og orðið viðskila við félag sína, tíminn leið og fjölmargar björgunarsveitir víða að lögðu saman krafta sína til að aðstoðar við leitina. Víst er að fjölmörgum létti þegar fréttir bærust um að björgunarsveitamenn hefðu fundið manninn heilan á húfi. Sú skipan mála að sjálfbodaðsveitir skuli vera



Vilbjálmur G. Kristjánsson.

færar um að senda tæki, tól og mannskap til leit- ar og björgunar við jafn- vel hin verstu skilyrði er ekki sjálfsgöð. Það að láta sig aðra varða og vera tilbúinn til að leggja á sig ómælt erfiði, tíma og ferðalög til að koma þeim til hjálpar sem í neyð hafa ratað er sannarlega kær- leikur í verki.

Hér í Glerárkirkju er rekið þróttmikið og öflugt starf á ýmsum vettvangi. Nefna má barna- og unglingastarf sem mikill kraftur er í og hefur það verið að vaxa og eflast síðustu ár. Fræðslukvöld hafa verið haldin sem hafa verið vel sótt og vinsæl.

Þá er fátt eitt talið, til að leita upplýsinga um starfið þá er heimsíðan glerarkirkja.is upplýsingaveita sem gott er að skoða.

Framundan er aðventan eða jólafasta sem hefst fjórða sunnudag fyrir jóladag. Fyrir marga fylgir þessum tíma erill, það er mikilvægt að gefa tíma til að huga að öðrum, það að láta sig málin varða, sýna áhuga og það að setja sig í spor annarra.

*Á jólunum þegar ljósin skærust loga  
Og ljúfur friður vakir yfir jörð  
Þá ríkir segurð björt um himinboga  
Og bindur allt í helga sáttagjörð.*

(Dagur Ásgeirsson)

Bestu óskir um kærleiksríka jólahátíð.

Vilbjálmur G. Kristjánsson,  
formaður sóknarnefndar.

## Kærar þakkir fermingarbörn í Glerárkirkju

„*Vatn er von*“ er slagorð jólasöfnunar Hjálparstarfs kirkjunnar í ár. Vatn er sannarlega von á svæðum þar sem vatnsskortur er mikill eins og á verkefnasvæði Hjálpar-

starfsins í Austur-Eþíópíu. Þetta vita fermingarbörn Glerárkirkju. Þau fengu fræðslu um hvernig vatnsskortur lamar allt líf, heilsu og afkomu fólks á stóru svæði í

Jijiga-héraði í Eþíópíu, hvernig vatnsþró eða brunnur breytir öllu til hins betra fyrir menn og dýr.

Það sem við lítum á sem sjálfsagðan hlut á Íslandi, nóg af hreinu vatni í krananum allan ársins hring er enginn sjálfsagður hlutur heldur mikil blessun sem við gleymum stundum að þakka fyrir.

En fermingarbörnin láta ekki duga að fræðast og fá þekkingu heldur taka þau til sinna ráða til að bæta stöðuna í Jijiga-héraði. Í byrjun nóvember gengu þau í hús með bauka frá Hjálparstarfinu og buðu fólki að styrkja vatnsverkefnið. Eins og svo oft áður fengu þau frábærar móttökur og fólk lét fé af hendi með bros á vör. Alls söfnuðust 193.264 krónur sem er rúmlega það sem þarf til að grafa brunn sem getur veitt allt að 500 manns hreint vatn allan ársins hring. Hreinlæti verður betra, heilsan verður betri, dýrin fá líka vatn og verða heilbrigðari og gefa af sér meiri mjólk og kjöt.

Þannig glæðist vonin um betra líf, vonin um betri framtíð, ekki síst fyrir börnin sem áður fengu oft alls konar sjúkdóma sem tengjast óhreinu vatni. Brunnurinn tryggir betra líf!

Kærar þakkir fermingarbörn í Glerárkirkju, kærar þakkir til allra sem lögðu fram sinn skerf.

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri  
Hjálparstarfs kirkjunnar.



Bjarni Gíslason.



Brunnur í Eþíópíu.

## Kór Glerárkirkju



Á vordögum fóru kórfélagar og stjórnandi í frábæra ferð til Svíþjóðar, Finnlands og Eistlands sungu sér og öðrum til skemmtunar, hittu annað kórfólk og stjórnendur, skoðuðu sig um og nutu lífsins.

Í september hófs svo hefðbundið vetrarstarf. Kórinn æfir nú á mánudögum í stað fimmtudaga áður. Allnokkrir félagar bættust í hópinn í haust og bjóðum við þá hjatanlega velkomna.

Haldnir voru tónleikar í Glerárkirkju þann 7. nóvember og þar meðal annars flutt efni sem æft var fyrir áðurnefnda utanlandsferð.

Nú standa yfir æfingar á efni sem flutt verður á árlegum jólatónleikum kórsins. Þetta árið verða þeir 18. desember kl. 16:00. Aðgangur er ókeypis að venju.

Félagar Kórs Glerárkirkju og stjórnendur óskar þér og þínum gleðilegrar jólahátíðar og farsælda á komandi ári.



## Heilög skírn – Hvers vegna?

Barn er skírt af því Guð elskar það og vill votta því elsku sína.

Barn er skírt af því að foreldrar elska það og vilja fela það góðum Guði.

Í skírninni játast Guð barninu í kærleika sínum og það mætir Guði í trausti barnsins, borið uppi af trú og bæn, von og kærleika jarðneskra ástvina.

Guð vill að barnið njóti þess alls, sem Jesús Kristur hefur fyrir það gert með lífi sínu, dauða og upprisu. Hann ánafnar barninu bróðurarf sonar síns, tileinkar því ríki hans.

Ástvinir þiggja og þakka þessa gjöf, færa barnið frelsaranum Jesú Kristi, sem hefur boðið börnunum að koma til sín og falið kirkju sinni að skíra til samfélags við sig og kenna þeim, sem skírðir eru, að þekkja sig og fylgja sér.

Heilög athöfn skírnarinnar er fölgín í þessu.



Krakkar og foreldrar í Sunnudagaskólanum hlusta á biblíusögu.



Sigrún Magna í heimsókn á foreldramorgnum.

## Kvenfélagið Baldursbrá



Kvenfélagið Baldursbrá var stofnað 8. júní árið 1919 og nálgast því 100 ára afmæli félagsins.

Félagið hefur starfað óslitið frá stofnun þess og markmiðið ávalt verið hið sama, að styðja þar sem stuðnings er þörf.

Á árinu sem senn er að líða hefur Baldursbrá styrkt margvísleg málefni og tekið þátt í söfnunum af ýmsum toga. Markmið okkar í Baldursbrá er að geta orðið öðrum að liði og látið gott af okkur leiða.

Okkar helsta og stærsta fjáröflun er kaffisala á 17. júní. Basar, sem haldin er í nóvember, bingó, veislur og erfidrykkjur. Félagið hefur haft afnot af sal á neðri hæð Gleráarkirkju.

Þriðja fimmtudag í mánuði er fundur félagsins og hefst hann kl. 19:00. Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir í Baldursbrá.

Handavinnukvöld eru þrjár í mánuði hjá félaginu og þau eru á fimmtudagskvöldum frá kl. 19:00 til 21:00. Þar koma konur saman með handavinnu og eiga saman góðar stundir. Þangað eru allir velkomnir.

Formaður Baldursbrár er Filippía Sigurjónsdóttir. Hægt er að finna Kvenfélagið á fésbókinni.

Við í Kvenfélaginu Baldursbrá óskum ykkur öllum gleðilegra jóla með þökk fyrir stuðninginn á árinu. *Stjórnin.*



TTT krakkar að hjálpast að með tilraun.



Glerungarnir kátir með brjóstsykurinn sinn.



TTT krakkar gladdir með brjóstsykurinn sinn.



Álfheiður Svana að segja frá skyndihjálpi barna á foreldramorgnum.

## Viltu styrkja Jóláaðstoð 2016?

Leggja má inn á reikning Jóláaðstoðar

0302-13-175063 kt. 460577-0209

Þökk fyrir stuðninginn



MÆDRASTYRKSNÆFND  
AKUREYRAR



Rauði krossinn

# Helgihald í Glerárkirkju á aðventu og jólum



## Sunnudagurinn 4. desember

– Annar sunnudagur í aðventu.

### ★ Sunnudagaskóli og messa kl. 11

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.  
Kór Glerárkirkju leiðir almennan söng  
undir stjórn Valmars Völjaots.

### ★ Aðventukvöld kl. 20:00

Ræðumaður er Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri  
Hjálparstarfs kirkjunnar. Kór Glerárkirkju syngur ásamt  
Barna og – Æskulýðskór kirkjunnar. Fermingarbörn taka  
þátt í ljósaathöfn. Allir eru velkomnir.

## Sunnudagurinn 11. desember

– Þriðji sunnudagur í aðventu

### ★ Messa kl. 11.

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar. Kór Glerárkirkju leiðir  
almennan söng undir stjórn Valmars Völjaots.

### ★ Kvöldguðsþjónusta kl. 20.

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar. Krossbandið leiðir  
almennan söng.

## Sunnudagurinn 18. desember

– Fjórði sunnudagur í aðventu

### ★ Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Barna – og Æsku-  
lýðskór Glerárkirkju leiðir almennan söng undir stjórn  
Margrétar Árnadóttur.

### ★ Jólatónleikar kirkjukórs Glerárkirkju kl. 16.

## 24. desember - Aðfangadagur jóla

### ★ Aftansöngur kl. 18.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.  
Kór Glerárkirkju leiðir almennan söng  
undir stjórn Valmars Völjaots.

### ★ Miðnæturmessa kl. 23.

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar og tónlistarmaður  
er Valmar Völjaots.

## 25. desember - Jóladaður

### ★ Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.  
Kór Glerárkirkju leiðir almennan söng  
undir stjórn Valmars Völjaots.

## 26. desember - Annar dagur jóla

### ★ Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13.

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar. Barna – og Æskulýðskór  
Glerárkirkju leiðir almennan söng undir stjórn Margrétar  
Árnadóttur. Í guðsþjónustunni verður sýndur helgileikur.

## Nýársdagur - 1. janúar

### ★ Hátíðarmessa kl. 14.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.  
Kór Glerárkirkju leiðir almennan söng  
undir stjórn Valmars Völjaots.

## Þrettándinn - 6. janúar

### ★ Kl. 18. Jólin kvödd.

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar.  
Kór Glerárkirkju leiðir almennan söng  
undir stjórn Valmars Völjaots.

## Sunnudagurinn 8. janúar

### ★ Kvöldguðsþjónusta kl. 20 - með Krossbandinu.

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar.

### Sunnudagaskóli Glerárkirkju

er alla sunnudaga kl. 11:00 og hefur upphaf  
í messunni. Þá sunnudaga sem fjölskylduguðs-  
þjónustur eru, er sunnudagaskólinn hluti af þeim.

Munið hádegissamverurnar alla miðvikudaga kl. 12.

Athugið: Eldri borgara samvera verður í kirkjunni fimmtudaginn 15. desember kl. 15:00.

## Vígðir þjónar og starfsfólk Glerárkirkju

### Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00  
og eftir samkomulagi. Símar: 464 8808 (í kirkju), 462 7676 (heima)  
og 864 8455 (gsm). Netfang: gunnlaugur@glerarkirkja.is

### Sr. Jón Ómar Gunnarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og  
eftir samkomulagi. Símar: 464 8802 (í kirkju), og 864 8456 (gsm).  
Netfang: jonomar@glerarkirkja.is

### Æskulýðsfulltrúi: Eydis Ösp Eypórsdóttir

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar 464-8807 (í kirkju)  
og 864-8451 (gsm). Netfang: eydisosp@glerarkirkja.is

Umsjónarmaður er Haukur Þórðarson. Hann er við á virkum  
dögum kl. 11:00-16:00. Símar: 464 8803 (í kirkju) og gsm 661-7700  
Netfang: haukur@glerarkirkja.is

Organisti er Valmar Völjaots. Viðtalstímar eftir samkomulagi.  
Símar: 464 8804 (í kirkju) og gsm 853 8001.

Netfang: valmar@glerarkirkja.is

Kirkjuvörður er Hermann Ragnar Jónsson, gsm 861 5025.

Umsjón með eldhúsi hefur Sigurrós Anna Gísladóttir,  
gsm 848 6440.

Upplýsingar um annað starfsfólk Glerárkirkju er að finna á  
www.glerarkirkja.is

Glerárkirkja: Sími 464 8800 – Fax: 464 8809 – www.glerarkirkja.is – glerarkirkja@glerarkirkja.is

